

Greiðslur yfir landamæri

Erlendar greiðslur fela í sér aukna áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu hefur tekið saman upplýsingar varðandi mál sem tengjast erlendum greiðslum sem upp hafa komið hér á landi, auk upplýsinga frá erlendum samstarfsaðilum.

Við þetta tilefni er sérstök áhersla lögð á að tilkynningarskyldir aðilar séu meðvitaðir um að nokkuð algengt er að erlendar greiðslur framkvæmdar hér á landi tengist peningaþvætti.

Mest ógn stafar af eftirfarandi háttsemi:

- Viðskipti þrátt fyrir að viðskiptaþvingun á tilteknu ríki/aðila sé til staðar
- Þvætti ávinnings ýmissar brotastarfsemi t.d.:
 - Auðgunarbrot s.s. fjársvik
 - Viðskipti með fíkniefni, vændi og annan ólöglegan varning og þjónustu
 - Mútur
 - Skattalagabrot

Hvað kemur fram í samantektinni?

- Upplýsingar um algenga veikleika og tegundir brota sem auka áhættu í starfsemi tilkynningarskyldra aðila hér á landi.
- Upplýsingar um leiðir til þess að bera kennsl á og koma í veg fyrir að misnota megi þjónustu tilkynningarskyldra aðila.
- Algeng ummerki tiltekinnar brotastarfsemi er talin upp í sérstökum lista í viðauka við samantektina (red flags).

Mat á áhættu á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka



Áhætta á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka er mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni þar sem fjölmargar ólíkar ógnir og veikleikar geta haft áhrif á áhættu sem viðskipti fela í sér.

Virk áhættuminnkun felur það í sér að áhættan sé greind og aðgerðir skipulagðar í samræmi við niðurstöður slíks mats.

Áhættumat ætti því að vera *breytilegt* eftir atvikum.

Auknar aðgerðir, á borð við aukna áreiðanleikakönnun og eftirlit, eru sérstaklega mikilvægar þegar aukin áhætta er innbyggð í viðskipti sem framkvæma á, líkt og á við um erlendar greiðslur, og þegar auknar líkur eru á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka af öðrum ástæðum.

Nauðsynlegt er að skrá upplýsingar um atriði varðandi greiðslur með þeim hætti að unnt sé að taka tillit til þeirra jafnóðum við eftirlit með viðskiptum, sem og að eftirlit sé framkvæmt skipulega á grundvelli þeirra upplýsinga sem verða til við framkvæmd greiðslu.



Áhættuþættir

Veikleikar

Ísland er virkur þátttakandi í alþjóðlega hagkerfinu og alþjóðlegri greiðslumiðlun.

Reglulega kemur upp að þjónusta tilkynningarskyldra aðila hér á landi sé misnotuð til að framkvæma greiðslur sem eru liður í alþjóðlegu peningabætti.

Neðangreindir veikleikar hafa reynst útsetja íslenska aðila sérstaklega fyrir slíkri áhættu:

- Ófullnægjandi rekjanleiki greiðslna t.d. vegna ófullkominnar skráningar eða utanumhalds upplýsinga.
- Ófullnægjandi eftirlit með framkvæmd greiðslna.
- Viðskipti eru ekki rýnd með tilliti til áhættuþátta peningabættis.

Atriði til að hafa í huga

- Brot hér á landi tengjast jafnt íslenskum sem erlendum aðilum.
- Fyrirtæki sem eru að öðru leyti í eðlilegri starfsemi hafa átt aðild að slíkum brotum.
- Alvarlegri peningabættisbrot þar sem þróuðum aðferðum er beitt tengjast oftast inn í eðlilegan og/eða þekktan rekstur með einhverjum hætti.
- Fyrirtæki með gott orðspor að öðru leyti, hafa átt aðild að slíkum málum.

Tilkynningarskyldir aðilar ættu að vera meðvitaðir um að peningabætti á sér stað í rekstri fyrirtækja og slík mál koma reglulega upp hér á landi.

Mikilvægt er að hunsu ekki ummerki peningabættis einungis á þeim forsendum að um tryggan og góðan viðskiptavin sé að ræða.

Áhættuminnkandi aðgerðir

Áhættumiðað eftirlit

Staðgóð þekking á viðskiptavinum og þjónustu sem þeim er veitt er lykilforsenda áhættumiðaðs eftirlits. Reglulega ætti að fara yfir og staðreyna upplýsingar um tilgang og eðli viðskipta með gagnrýnum hætti.

Við framkvæmd eftirlits ber *að lágmarki* að taka tillit til ríkis sem greiðsla fer um, eðli viðskipta svo sem andlags þeirra, og áhættu í tengslum við aðila viðskipta sem framkvæmd eru t.d. hvort viðkomandi sé í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla o.s.frv.

M.ö.o. þarf að spyrja eftirfarandi spurninga:

- Um hvaða/hvers konar ríki fer greiðslan?
- Um hvað snúast viðskiptin í raun og veru?
- Hvers konar aðilar eru að stunda viðskiptin?

Ef unnið er með mikið magn greiðslna eða viðskipta ættu upplýsingar að vera skráðar rafrænt í kerfi þar sem þær eru tengdar reikningshafa og eru leitanlegar.

Áreiðanlegar upplýsingar um eftirfarandi atriði ættu því alltaf að liggja fyrir:

- Nafn og reikningsnúmer allra aðila greiðslu, í IBAN eða öðru stöðluðu formi.
- Upplýsingar um raunverulega eigendur greiðslu.
- Upplýsingar um ríki sem greiðsla fer um.

Út frá þessum upplýsingum er unnt að framkvæma frekari könnun á því hvort áhættuþættir eiga við viðskiptavininn. Til að mynda má nota upplýsingarnar til þess að athuga hvort aðili eða raunverulegur eigandi sé á gátlista (PEP, sanctions, enforcements, adverse media o.s.frv.).

Ófullnægjandi skráning upplýsinga

Réttarspjöll geta orðið séu upplýsingar um greiðslur ófullnægjandi t.d. ef upplýsingar um tilteknar greiðslur finnast ekki eða eru ekki afhentar, í tengslum við rannsókn máls.

Áhrif á möguleika til að framkvæma eftirlit

Sé rangt staðið að skráningu og miðlun upplýsinga má vera að hreinlega sé ómögulegt fyrir tilkynningarskyldan aðila að sinna lögbundnum skyldum sínum. Slíkt kann hafa í för með sér viðurlög.

Tengist greiðsla áhættuþáttum?

Hvert tengjast viðskiptin?

Áhætta í hverju ríki fyrir sig er mismunandi.

Dómsmálaráðuneyti gefur út reglugerð um áhættusöm ríki en mat kann þó að ráða úrslitum um hvort viðskipti við *önnur* ríki séu áhættusöm hverju sinni.

Upplýsingar um áhættu í tengslum við greiðslur um mismunandi ríki má vinna á ýmsa vegu. Basel Institute gefur t.d. út opinberan lista þar sem ríki hafa verið flokkuð eftir ýmsum gerðum áhættu vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka, og nota má til hliðsjónar við slíkt mat.

Áhættuna ætti að meta sjálfstætt hverju sinni. Til að mynda er meiri áhætta á mútubrotum í ríkjum þar sem mikil spilling fyrirfinnst. Þá er t.d. áhættustig hátt í ríkjum þar sem gætir leyndarhyggju, lágra eða engra skatta og ófullnægjandi varna gegn peningaþvætti (svokölluð afgangssvæði eða „skattaparadísir“). Ávallt skal meta áhættuna af viðskiptum á slíkum svæðum.

Er sérstök áhætta tengd við viðskiptavininn sjálfan?

- **Aðilar í áhættuhópi vegna stjórn mála-legra tengsla (PEP).**
- Aðilar, ríki, fjármálastofnun, vara eða þjónusta er á þvingunarlista sem Ísland framfylgir. Ef viðskipti snerta þvingunarlista með einhverjum hætti er nauðsynlegt að meta hvort þvingunin eigi við viðskiptin eða geri þau útsett fyrir áhættu gagnvart því að brotið sé gegn þvingunaráðstöfun.
- Aðrar upplýsingar t.d. fjölmiðlaumfjöllun um viðkomandi geta gefið mikilvægar upplýsingar um háttsemi einstaklinga og fyrirtækja.

Algengustu flokkar frumbrota

Einna algengast er að erlendar greiðslur varði peningabætti í tengslum við eftirfarandi flokka frumbrota:

- **Skattalagabrot**
- Fjársvik
- Sniðganga viðskiptaþvingana
- **Spillingarbrot (mútur)**
- Afrakstur af brotum á sérreksilögum (ýmis löggjöf um nýtingu náttúruauðlinda á borð við fiskveiðilöggjöf, lög um veiðar á villtum dýrum og vernd dýralífs o.s.frv.)

Þá er algengt að fjármögnun hryðjuverka eigi sér stað með erlendum greiðslum og/eða tengist ofangreindum flokkum brota með einhverjum hætti.

Eftirlit með háttsemi

Ekki er unnt að gefa út tæmandi lista með grunsamlegri háttsemi.

Þó er nauðsynlegt að halda skipulega upplýsingar um háttsemi sem almennt gefur vísbendingar um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Meðfylgjandi er listi með slíkri háttsemi sem unnin er upp úr upplýsingum sfl. Upplýsingarnar hafa því sérstakt gildi hér á landi og má nota til að bæta við þá háttsemi sem tilkynningarskyldir aðilar halda nú þegar og flagga í eftirlitskerfum sínum.

Gagnlegir tenglar:

Reglugerð um áhættusöm þriðju lönd vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/dmr/nr/21817>

Basel AML Index

<https://www.baselgovernance.org/basel-aml-index>

FATF Typologies

<https://eurasiangroup.org/en/fatf-typology-reports>

Ítarefni frá FATF um símgreiðslur

<https://www.cfatf-gafic.org/index.php/documents/fatf-40r/382-fatf-recommendation-16-wire-transfers>

Efni frá FATF varðandi einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla

<https://www.fatf-gafi.org/documents/documents/peps-r12-r22.html>

Efni frá FATF varðandi áhættur í tengslum við einstök ríki

<http://www.fatf-gafi.org/countries/>

Yfirlit um þvingunaraðgerðir sem Ísland framfylgir
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/lagamal/thvingunaraadgerdir/>